

AUGLÝSING

um gjald í almanakssjóð Háskóla Íslands.

126

22. ágúst

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar frá 25. febrúar 1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, vera 16½ eyrir fyrir hvert eintak.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1949.

Eysteinn Jónsson.

*Birgir Thorlacius.***SNORRASJÓÐUR 1930**

127

Ársreikningur 1948.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 157199.31
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindu	— 1672.83

Eignum sjóðsins er varið þannig: Kr. 158872.14

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 153500.00
Innstæða í Búnaðarbanka	— 5372.14

Kr. 158872.14

Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 6100.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 72.83

Kr. 6172.83

Styrkur til náms í Noregi:

Gjöld:

Kristinn Björnsson, til náms í sálarfræði við Oslóarháskóla	kr. 1800.00
Ingvar Emilsson, til haffræðináms við Oslóarháskóla	— 675.00
Skúli Norðdahl, til náms í byggingarlist við verkfræðiháskólann í Niðarósi	— 675.00
Ragnhildur Jónsdóttir frá Gautlöndum, til náms í vefnaði við Vestfold Ungdomsfylkings Husflidskole	— 675.00
Benedikt B. Sigurðsson, til náms í vélaverkfræði við verkfræðiháskólann í Niðarósi	— 675.00

Kr. 4500.00

Lagt við höfuðstól	— 1672.83
--------------------------	-----------

Kr. 6172.83

Búnaðarbanki Íslands, Reykjavík, 20. júlí 1949.

Hilmar Stefánsson.

Haukur Þorleifsson.